

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 945/2015 um loðnuveiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2015/2016.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Norskum skipum er heimilt að veiða samtals 58.326 lestir í fiskveiðilandhelgi Íslands og er þeim aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands norðan við 64°30'N.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. febrúar 2016.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Baldur P. Erlingsson.*